

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Fasteignaskattur á opinberar stofnanir á vegum ríkisins 2018-2020

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem barst þann 24. febrúar sl., um fasteignaskatt á opinberar stofnanir á vegum ríkisins 2018-2020. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Óskað er upplýsinga um álagðan fasteignaskatt á opinberar stofnanir á vegum ríkisins sem staðsettar eru í Reykjavík. Óskað er upplýsinga um samanlagðar fjárhæðir fyrir hvert ár um sig, 2018, 2019 og 2020.“

Á neðangreindri töflu má sjá kostnað vegna ríkiseigna sem er samheiti yfir byggingar á vegum ríkisins í borginni að undanskyldum fasteignum Háskóla Íslands og Landspítala sem eru aðgreindar í töflunni. Samantektin sýnir einnig gjald vegna allra skattflokka (a-, b- og c-flokka) þ.e. bæði vegna t.d. sjúkrahúsanna, leik- og grunnskóla en einnig iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis svo fátt eitt sé nefnt.

Greiðandi	Fasteignagjöld 2018	Fasteignagjöld 2019	Fasteignagjöld 2020
Háskóli Íslands og undirstofnanir	279.685.674	331.070.044	329.557.561
Landspítali	315.277.576	386.208.159	438.410.706
Ríkiseignir	566.679.854	651.443.667	807.021.500
Samtals	1.161.643.104	1.368.721.870	1.574.989.767

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.